




Ný viðbótardiplóma í félagsráðgjöf

Nýverið hófst kennsla í atvinnutengdri starfsendurhæfingu en námsleiðin er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands og VIRK - starfsendurhæfingarsjóðs. Alls sækja 32 nemendur viðbótarnámið og verður haustmisserið kennt í heild sinni við HA. Þetta er í fyrsta skiptið sem boðið er upp á námið hér á landi.

[Meira ...](#)



Styrkir til náms erlendis í viðskiptum eða tónlist

Stjórn [Ingjaldssjóðs](#) auglýsir eftir umsóknum um styrk úr sjóðnum á árinu 2016. Nemendur Háskóla Íslands sem stunda eða ætla að leggja stund á framhaldsnám erlendis (meistara- eða doktorsnám) í rekstrarstjórnun eða alþjóðlegum viðskiptum eiga kost á styrk. Einnig nemendur í tónlistarnámi erlendis. Aðeins þær umsóknir koma til greina sem falla að markmiðum sjóðsins.

Umsóknarfrestur er til og með 17. [Meira ...](#)



Er Mannréttindadómstóll Evrópu að draga úr valdi sínu?

Er Mannréttindadómstóll Evrópu að draga úr valdi sínu? Þróun nálægðarreglu og svigrúms til mats í dómaframkvæmd MDE

Opinn fundur föstudaginn 16. september 2016 kl. 12-13.15 í Lögbergi, stofu 101.

Framsögumenn: Róbert R. Spanó, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu og Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við Lagadeild HÍ

[Meira ...](#)



Nýtt rannsóknasetur Háskóla Íslands á Ströndum stofnað

Nýtt rannsóknasetur, Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Ströndum - Þjóðfræðistofa, hefur verið sett á laggirnar. Rannsóknir í þjóðfræði verða þar í öndvegi og sérstök áhersla á miðlun og hagnýtingu þjóðfræðilegrar þekkingar. Rannsóknasetrið er staðsett á Hólmavík.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Ströndum er hluti af Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands en innan stofnunarinnar eru fyrir sjö rannsóknasetur víða um land, á Suðurnesjum, Snæfellsnesi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Húsavík, Hornafirði og Suðurlandi. [Meira ...](#)



Álfrún Perla hlýtur Chevening-styrkinn

Álfrún Perla Baldursdóttir útskrifaðist úr Stjórnfræðideild Háskóla Íslands í júní síðastliðnum en hún fékk afhendan hinn virta Chevening-styrk til að leggja stund á meistaranám í átakafræðum (e. conflict studies) við London School of Economics and Political Science.

Styrkurinn kemur frá bresku ríkisstjórninni sem liður í því að styrkja og byggja upp alþjóðlega leiðtoga. [Meira...](#)



Ráðstefna í Hörpu 19. - 20. september

„Þegar engin samkeppni var á orkumörkuðum skipti vörumerkið litlu máli í stóra samhengi hlutanna,“ segir Friðrik Larsen, lektor í markaðsfræðum við Háskóla Íslands. Hann stendur nú í haust ásamt Háskóla Íslands fyrir alþjóðlegri ráðstefnu í vörumerkjafræðum sem tekur fyrir mörkun á orku (e. energy branding). [Meira...](#)



Ný bók á sviði fjármunaréttar

Nýverið kom út bókinn Restatement of Nordic Contract Law á vegum Djöf-forlagsins í Kaupmannahöfn. Bókin er afrakstur nokkurra ára rannsóknar norræna fræðimanna á sviði fjármunaréttar. Markmið hennar var að kanna beitingu og túlkun dómstóla á reglum norræns fjármunaréttar, einkum á sviði kröfu- og samningaréttar. [Meira...](#)



Þórhildur fimmti doktorinn frá Hagfræðideild

Föstudaginn 12. ágúst síðastliðinn fór fram fimmta doktorsvörnin frá Hagfræðideild á Félagsvísindasviði.

Þórhildur Ólafsdóttir varði doktorsritgerð sína: *Health and health behavior responses to macroeconomic shocks*, íslenskt heiti *Áhrif skyndilegra breytinga í hagkerfi á heilsu og heilsutengda hegðun*.

Áður hafa þau Axel Hall, Ólafur Ísleifsson, Vífill Karlsson og Helga Kristjánsdóttir lokið doktorsprófi í hagfræði frá deildinni, nánari upplýsingar um þau eru á [Þessum hlekk](#).

[Meira...](#)

Viðburðir framundan

16. sep - 12:00

[Er Mannréttindadómstóll Evrópu að draga úr valdi sínu? Þróun nálægðarreglu og svigrúms til mats í dómafrákvæmd MDE](#)

16. sep - 15:00

[10 ára afmæli Umhverfis- og auðlindafræði](#)

17. sep - 11:45

[Með fróðleik í faranesti - Fjöruferð í Gróttu ATH breytta tíma](#)

20. sep - 12:00

[Staða leikjajónaðarins á Íslandi - málstofa Viðskiptafræðideildar](#)

21. sep - 12:00

[Notkun kvíðdóms í bandarísku réttarkerfi](#)

23. sep - 14:00

[Doktorsvörn Guðnýjar Gústafsdóttur](#)

25. nóv - 13:00

[Hvernig fjölmenningsambúnaður erum við? Þjóðminjasafn Íslands og Háskóli Íslands](#)